

## Paulinn 2023 - Fullorðnir

### Uppsalahnjúkur

Uppsalahnjúkur er 940 m hár.

Leiðin liggur inn í Eyjafjarðarsveit. Ekið er fram Eyjafjörð austan megin og vegslóða til austurs (milli Borgar og Öngulsstaða 4) fylgt upp að sumarhúsinu Seli þar sem hægt er að leggja bílum, þar er hlið og skilti um gönguleiðina. Þaðan er gengið eftir stikaðri, þægilegri gönguleið að vörðunni á Haus sem er kennileiti á öxlinni í 450 m hæð. Þar er gestabók sem er um að gera að rita nafnið sitt í. Síðan er haldið áfram inn eftir fjallinu um greiðfær holt eftir stikaðri leið og upp norðaustur hrygg fjallsins uns komið er á hnjúkinn. Síðasti spölurinn á hnjúkinn er nokkuð brattur. Útsýni er hér mikið yfir héraðið.

Nauðsynlegt er að vera í góðum skóm og klæða sig eftir veðri. Hafa vatn með og gott nesti til að gæða sér á. Göngustafi getur verið gott að hafa með ef fólk er vant að nota þá.

Gengin er sama leið til baka.

Vegalengd báðar leiðir er 11 km. Gönguhækkun er 870 m.

Göngutími er áætlaður 5 - 7 klst.